10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

11. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi samþykkt nr. 436/2000 um sorphirðu í Búðahreppi og eldri samþykktir um sorphirðu í Stöðvarhreppi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. febrúar 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

9. febrúar 2004 Nr. 136

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 598, 8. ágúst 2003, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2004.

1. gr.

4. mgr. 2. gr. orðist svo:

Frá og með 12. apríl til kl. 10.00 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 05′00 N – 19° 00′00 V
2. 63° 05′01 N – 19° 52′07 V
3. 63° 10′20 N – 20° 12′80 V
4. 63° 07′20 N – 20° 15′70 V
5. 63° 08′00 N – 20° 32′80 V
6. 63° 05′00 N – 20° 49′50 V
7. 63° 11′20 N – 21° 27′80 V
8. 63° 10′00 N – 21° 51′70 V
9. 63° 05′00 N – 22° 15′00 V
10. 63° 05′00 N – 22° 27′50 V
11. 63° 15′00 N – 23° 00′50 V
12. 63° 10′70 N – 23° 24′00 V
13. 63° 11′00 N – 24° 05′50 V
14. 63° 35′06 N – 23° 13′06 V
15. 63° 36′72 N – 23° 22′84 V
16. 63° 39′65 N – 23° 28′55 V
17. 64° 43′72 N – 24° 12′83 V
18. 64° 43′72 N – 24° 25′57 V
19. 65° 16′44 N – 24° 51′28 V

og þaðan réttvísandi 70° í Skorarvita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. febrúar 2004.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.